



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

61. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 16. október 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinnþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Seltjarnarnesbær:

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Barónsreitur-Skúlagata / málsnr.1509003

Tillagan er í forkynningu sbr. sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags á umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, kynnti málið.

Fyrir lá minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 14. október þar sem fjallað er um tillöguna og settar fram ábendingar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að áður en tillagana verður auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði gerð nánari grein fyrir samræmi breytingartillögunnar við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og þá sérstaklega þeirra viðmiða sem koma fram í töflu 1 og 2 í Höfuðborgarsvæðinu 2040.

Í ljósi ákvæðis Höfuðborgarsvæðisins 2040, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggi fyrir áður en tillögur eru staðfestar, telst svæðisskipulagsnefnd umsagnaraðili við aðalskipulagsbreytingar og ætti það að koma fram í gögnum þegar tillagan verður auglýst.

2. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Kirkjusandur / málsnr.1509004

Tillagan er í forkynningu sbr. sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags á umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, kynnti málið.

Fyrir lá minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 14. október þar sem fjallað er um tillöguna og settar fram ábendingar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að áður en tillagana verður auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði skerpt á samræmi breytingartillögunnar við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og þá sérstaklega þeirra viðmiða sem koma fram í töflu 2 í Höfuðborgarsvæðinu 2040.

Í ljósi ákvæðis Höfuðborgarsvæðisins 2040, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggi fyrir áður en tillögur eru staðfestar, telst svæðisskipulagsnefnd umsagnaraðili við aðalskipulagsbreytingar og ætti það að koma fram í gögnum þegar tillagan verður auglýst.

3. Borgarlína seinni áfangi. Kynning á verkefni í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 / málsnr. 15007001

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri kynnti Borgarlínu – seinni áfangi, sem er eitt verkefna í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019. Þar kom m.a. fram að til stendur að taka tilboði Jarrett Walkers and Associates um gerð kostagreiningar á almenningssamgöngukerfinu.

4. Breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030; Selholt – breytinga á landnotkun / málsnr. 1510003

Tillagan er í forkynningu sbr. sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bryndís Haraldsdóttir, formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, kynnti málið.

Fyrir lá minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 14. október þar sem fjallað er um tillöguna og settar fram ábendingar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að áður en tillagana verður auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði skerpt á samræmi breytingartillögunnar við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um vatnsvernd og landbúnaðarland. Það væri til verulegrar bóta ef í greinargerð væri lagt mat á gæði þess landbúnaðarlands sem færa á í aðra landnotkun. Slíkt mat mun einnig gagnast þegar sækja þarf um leyfi ráðherra að breyta landnotkun.

Í ljósi ákvæðis Höfuðborgarsvæðisins 2040, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggi fyrir áður en tillögur eru staðfestar, telst svæðisskipulagsnefnd umsagnaraðili við aðalskipulagsbreytingar og ætti það að koma fram í gögnum þegar tillagan verður auglýst.

5. Fjárhagsáætlun svæðisskipulags fyrir árið 2016 / málsnr. 1510002

Stjórn SSH fjallaði um tillögu svæðisskipulagsnefndar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Meðal annars var rætt um tillögu nefndarinnar um breytt fyrirkomulag þóknunar við nefndarsetu. Eftirfarandi var bókað og samþykkt af stjórn SSH þann 12. október sl.

„Stjórn SSH leggur til að laun svæðisskipulagsnefndar í fjárhagsáætlun ársins 2016 miðist við 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund, og samþykkti að senda tillöguna með þessari breytingu til aðildarsveitarfélaganna.“

Lagt fram.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 27. nóvember kl. 15:00.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.